

Erindisbrjef

10
14. febr.

fyrir yfirhjúkrunarkonuna í geðveikrahælinu á Kleppi.

1. gr.

Undir umsjón og eftirliti geðveikralæknisins segir hún hjúkrunarkonum, þvottastúlkunum, þjónustu- og vökukonu fyrir verkum. Hún sjer um að fyrirskipunum geðveikralæknisins um meðferð alla á sjúklingum hælisisins sje fylgt. Hún á að umgangast sjúklingana vingjarnlega og sjá um að hjúkrunarfólkið geri hið sama.

Hún gætir þess af fremsta megni að sjúklingunum sje nákvæmur gaumur gefinn, svo að þeir fari hvorki sjálfum sjer að voða nje öðrum, eða skemmi muni hælisisins.

2. gr.

Hún veitir forstöðu þvottahúsinu, tekur við öllum óhreinum fatnaði o. s. frv., sem hjúkrunarkonurnar færa henni, og fær þeim aftur annað hreint í staðinn. Hún setur alt á skrá, sem hún tekur við eða lætur úti.

3. gr.

Hún tekur jafnan úr þvottinum alt það, sem viðgerðar þarf eða ónýtt er. Hún sjer um viðgerðina en geymir hitt, sem ónýtt er, þangað til geðveikralæknirinn hefir leyft að ónýta megi.

4. gr.

Henni ber að sjá um ræstingu og hreinlæti í öllum sjúkrastofum og öllum göngum hælisisins og íbúðarhússins.

5. gr.

Hún ber ábyrgð á öllum búsgögnum og fatnaði, sem ráðsmaður fær henni í hendur, og hefir það alt á einni skrá; á þessa skrá setur hún svo það, sem bætist við, jafnóðum og það kemur, og sömuleiðis hitt, sem lagt er niður.

6. gr.

Hún skal sjá um að heimilisboðorðum hælisisins sje hlýtt.

7. gr.

Hún má ekki fara burtu af heimilinu án vitundar geðveikralæknisins og ber henni yfirleitt að framkvæma alt það, er læknir segir henni fyrir um.

8. gr.

Yfirstjórn hælisisins ræður hana í samráði við lækni þess og segir henni upp. Uppsagnarfræstur frá báðum hliðum er 6 mánuðir.

Í stjórnarráði Íslands, 14. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.